

VEGAGERÐIN  
Hr. Hilmar Finnsson  
Borgartún 5-7  
105 R.

Reykjavík, 29.09.2001.

Re: Tvöföldun Reykjanesbrautar í landi Minni og Stóru Vatnsleysu.

Í framhaldi af fundi sem haldinn var þann. 29. ágúst s.l. í Vogum Vatnsleysustrandarhreppi til kynningar á fyrirhugaðri breikkun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur viljum við undirritaðir fyrir hönd eigenda ofangreindra jarða koma á framfæri við Vegagerðina og skipulagsyfirvöld eftirfarandi athugasemdum og tillögum.

Við óskum eindregið eftir því að fyrirhuguð gatanmót í Kúagerði verði flutt ca. 2.2km. vestar, í átt að Strandaheiði og kæmu þá nánast beint upp af núverandi afleggjara sem liggur að Minni-Vatnsleysu. Einnig að núverandi vegur um Kúagerði verði aflagður og hinn nýji tvöfaldi vegur verði lagður yfir Afstapahraun, sunnan Afstapahóls.

Rökin fyrir þessum tillögum eru annarsvegar að okkur er landið í Kúagerði miklu meira virði til framtíðar en landið sem liggur frá sjó og vestar. Núverandi vegur sker landið illa í sundur. Hinsvegar og það sem skipir mun meira máli er sú staðreynd að núverandi vegarkafli um Kúagerði er einhver mesta slysagildra á allri Reykjanesbrautinni, sem helgast af hættulegri beygju eftir beinan kafla, þegar ekið er í vestur átt og svo mismunandi hitastigi á Strandaheiði og Kúagerði. Á veturnum myndast oft hættulegir hálkublettir í Kúagerði sem ökumenn ekki varast þegar ekið er í austur átt.


Við viljum hér með koma ofangreindu athugasemdum á framfæri og óskum eftir að samráð verði haft við okkur áður en til framkvæmda kemur.

Virðingarfyllst,

f.h. Minni-Vatnsleysu

  
Skúli Þorvaldsson

f.h. Stóru-Vatnsleysu

  
Sæmundur Þórðarson